

One



Almennt

Heiti:	Sveitarstjórn Dalabyggðar - 157 (16.1.2018) - Sala eigna
Fyrirtæki:	Dalabyggð
Mál:	Sala eigna - Laugar í Sælingsdal
Númer:	1609021
Dagsetning fundar:	16.1.2018
Inngangur:	Á 140. fundi sveitarstjórnar 20. september 2016 samþykkti sveitarstjórn að hefja söluférlu eigna Dalabyggðar að Laugum. Tilboð að upphæð 200 millj.kr. barst í hluta eignanna 16. júní 2017 en því var hafnað á 149. fundi sveitarstjórnar. Á 152. fundi í október 2017 var samþykkt að kanna fleiri valkosti varðandi sölu eigna. Arnarlón ehf. hefur gert þrjú tilboð í eignir Dalabyggðar, það fyrsta 27. október 2017 og það síðasta 18. desember 2017. Óformlegt samkomulag hefur náðst um tilboðið með nokkrum fyrirvörum. Tilboðið sundurliðast þannig: Húseignir að Laugum með lóðarréttindum kr. 340.000.000 Jörðin Laugar (50%) ásamt sumarhúsalóðum kr.20.000.000 Skólalóð, jarðhitaréttindi og hitaveita kr. 45.000.000 Sælingsdalstunga án vatnsréttinda kr. 55.000.000 Tilboðsupphæð samtals kr. 460.000.000
Niðurstaða:	Samþykkt
Bókun	Til máls tóku: Sigurður Bjarni, Eyjólfur, Valdís. Lagt til að sveitarstjórn staðfesti fyrirliggjandi samkomulag og að sveitarstjóra og oddvita verði heimilað að undirrita kaupsamning. Samþykkt með 5 atkvæðum. Tveir sitja hjá (EIB, VG)
Ítarbókun	
Bókun:	